



Frétt nr. 11/2023
1. júní 2023

Halli á viðskiptajöfnuði 10,1 ma.kr. á fyrsta fjórðungi 2023

– hrein staða við útlönd jákvæð um 26,3% af VLF

Á fyrsta ársfjórðungi 2023 var 10,1 ma.kr. halli á viðskiptajöfnuði við útlönd. Það er 12,9 ma.kr. betri niðurstaða en ársfjórðunginn á undan og 21,7 ma.kr. betri en á sama fjórðungi árið 2022. Halli á vöruskiptajöfnuði var 45,7 ma.kr. og 21,4 ma.kr. afgangur á þjónustujöfnuði.¹ Frumþáttatekjur skiluðu 26,1 ma.kr. afgangi en rekstrarframlög 12 ma.kr. halla (tafla 1).

Þetta kemur fram í nýbirtum upplýsingum á vef Seðlabanka Íslands sem sýna bráðabirgðayfirlit yfir greiðslujöfnuð við útlönd á fyrsta ársfjórðungi 2023 og erlenda stöðu þjórðarbúsins í lok ársfjórðungsins.²

Tafla 1. Greiðslujöfnuður

Ma.kr.	2022/1	2022/2	2022/3	2022/4	2023/1
Viðskiptajöfnuður	-31,8	-32,6	26,4	-23,0	-10,1
Vöruskiptajöfnuður	-19,2	-39,1	-69,9	-85,8	-45,7
Þjónustujöfnuður	5,9	41,5	115,0	24,2	21,4
Jöfnuður frumþáttatekna	-9,1	-25,2	-8,6	49,6	26,1
Rekstrarframlög, nettó	-9,4	-9,9	-10,0	-10,9	-12,0
Jöfnuður fjárframlaga	-0,8	-0,7	-0,7	-1,2	-1,3
Fjármagnsjöfnuður	-35,8	-56,5	-0,1	62,1	-29,1
Bein fjárfesting	17,7	-58,8	-113,1	44,1	-4,8
Verðbréf	-62,2	16,4	31,3	176,3	25,1
Afleiður	4,5	2,7	2,3	4,2	-2,2
Önnur fjárfesting	-1,5	-26,9	81,5	-81,9	-25,2
Gjaldeyrisforði	5,6	10,1	-2,1	-80,6	-22,0
Skekkjur og vantalið, nettó	-3,2	-23,2	-25,8	86,3	-17,7

Betri niðurstaða viðskiptajafnaðar miðað við sama ársfjórðung árið 2022 skýrist af hagstæðari niðurstöðu frumþáttatekna sem nemur 35,2 ma.kr. Að mestu leyti skýrist það af lakari afkomu fyrirtækja í erlendri eigu sem flokkast undir beina fjárfestingu.³ Einnig var

¹ Sjá á vef [Hagstofunnar](#).

² Sjá töflur um greiðslujöfnuð og erlenda stöðu þjórðarbúsins í talnaefni í Hagtölum á vef [Seðlabankans](#).

³ Neikvæð afkoma innlendra fyrirtækja í erlendri eigu mælist sem tekjur í viðskiptajöfnuði.

aukinn afgangur af þjónustuviðskiptum sem nemur 15,6 ma.kr. Á móti vegur meiri halli af vöruviðskiptum sem nemur 26,5 ma.kr og af rekstrarframlögum sem nemur 2,6 ma.kr.

Í lok ársfjórðungsins var hrein staða við útlönd jákvæð um 1.022 ma.kr. eða 26,3% af vergri landsframleiðslu (VLF) og batnaði um 50 ma.kr. eða 1,3% af VLF á fjórðungnum. Erlendar eignir þjóðarbúsins námu 5.120 ma.kr. í lok ársfjórðungsins en skuldir 4.098 ma.kr. Á fjórðungnum versnaði staðan um 29 ma.kr. vegna fjármagnsviðskipta en erlendar eignir hækkuðu um 89 ma.kr. og skuldir um 118 ma.kr. Gengis- og verðbreytingar lækkuðu virði eigna á ársfjórðungnum um 9 ma.kr. og skulda um 92 ma.kr. og leiddu því til 83 ma.kr. betri hreinnar erlendarar stöðu. Gengi krónunnar hækkaði um 3,1% miðað við gengisskráningargog. Verð á erlendum verðbréfamörkuðum hækkaði um 7% milli fjórðunga og verð á bréfum á innlendum hlutabréfamarkaði um 7,3%.

Tafla 2. Breyting á erlendri stöðu þjóðarbúsins á milli ársfjórðunga

	Staða í lok 2022/4	Fjár- magns- jöfnuður	Gengis- og verð- breytingar	Aðrar breytingar	Staða í lok 2023/1
Erlendar eignir, alls	5.042	89	-9	-2	5.120
Bein fjárfesting	857	3	-22	3	841
Verðbréf	2.689	50	37	-7	2.769
Afleiður*	17	-2	3	0	18
Önnur fjárfesting	642	60	-22	2	683
Gjaldeyrisforði	837	-22	-5	0	810
Erlendar skuldir, alls	4.070	118	-92	2	4.098
Bein fjárfesting	1.420	8	-40	6	1.394
Verðbréf	1.512	25	-23	-1	1.513
Afleiður*	31	0	-5	0	26
Önnur fjárfesting	1.107	85	-24	-3	1.166
Hrein staða þjóðarbúsins	972	-29	83	-4	1.022
% af VLF	25,0%	-0,7%	2,1%	-0,1%	26,3%

* Aðrar breytingar eru taldar undir gengis- og verðbreytingum fyrir afleiður.